

MINNISBLAÐ – SVÆÐISSKIPULAG FYRIR SUÐURHÁLENDIÐ 9. SEPTEMBER 2019

Inngangur

Á ársþingi SASS sem fram fór í Hveragerði 2018 var samþykkt að hvetja sveitarfélögin sem land eiga að hálendi Suðurlands til að vinna að gerð svæðisskipulags fyrir Suðrhálendið. Horft skyldi m.a. til verndunar og nýtingar á svæðinu í heild og skoða skilgreiningar á hvar mörk Suðrhálendisins liggja.

Forathugunin skyldi felast í að kalla saman kjörna aðila frá öllum sveitarfélögum á Suðurlandi sem eiga land að Suðrhálendinu og athuga vilja þeirra til þessarar vinnu.

Eins og fram hefur komið var markmiðið að kanna hug allra sveitarfélaga á Suðurlandi, sem land eiga að hálendi Suðurlands, hvort vinna ætti að gerð svæðisskipulags fyrir Suðrhálendið. Auk þess átti að kanna skilgreiningar að mörkum Suðrhálendis.

Stjórn SASS óskaði eftir að sveitarfélögin 12, sem land eða hagsmuna eiga að hálendinu, skipuðu hvert tvo kjörna aðalmenn og einn til vara í starfshóp. Eftirtalin sveitarfélög eiga land eða hagsmuni að hálendinu: Sveitarfélagið Árborg, Ásahreppur, Bláskógabyggð, Flóahreppur, Grímsnes- og Grafningshreppur, Hrunamannahreppur, Mýrdalshreppur, Skaftárhreppur, Skeiða- og Gnúpverjahreppur, Sveitarfélagið Hornafjörður, Rangárþing eystra og Rangárþing ytra.

Stjórn SASS skipaði í verkefnastjórn þau Evu Björk Harðardóttur formann SASS, Helga Kjartansson varaformann samtakanna og Bjarna Guðmundsson, framkvæmdastjóra SASS.

Verkefnisstjórn ákvað síðan að fá Gísla Gíslason landslagsarkitekt og ráðgjafa hjá verkfræðistofunni EFLU til að leiða vinnuna.

Starfshópurinn hefur átt tvo fundi og var sá fyrri haldinn 14. ágúst sl. í félagsheimilinu Hvoli á Hvolsvelli. Á þeim fundi fór Eva Björk yfir ályktanir SASS í tengslum við sameiginlega sýn í skipulagsmálum á hálendinu og hugmyndir um miðhálendisþjóðgarð. Í framhaldi kynnti Gísli vinnu- og skipulagsferli, möguleg efnistöð og aðferðafræði við gerð svæðisskipulags fyrir svæðið, sjá fylgiskjal 1. Á fundinum var fundarmönnum skipt í 3 vinnuhópa þar sem fjallað var um fjórar spurningar varðandi gerð svæðisskipulags fyrir Suðrhálendið. Vinnuhóparnir skyldu svara eftirfarandi fjórum spurningum:

- Hvers vegna er þörf á svæðisskipulagi?
- Hvaða landnotkunarþættir eru mikilvægastir og hvers vegna?
- Hvernig á að skilgreina mörk skipulagssvæðisins (þjóðlendur, mörk afrétta, náttúruvar/landslagsheildir)?
- Nefnið annað sem skiptir máli s.s. verklag, samráð og kynningar.

Helstu efnisatriði sem fram komu í vinnuhópunum má sjá í fylgiskjali 2.

Síðari fundurinn fór fram 3. september sl. í félagsheimilinu á Flúðum en á þann fund kom Hafdís Hafliðadóttir, sviðsstjóri hjá Skipulagsstofnun, sem kynnti landskiplagsstefnuna með áherslu á þá þætti sem snúa að

miðhálandinu. Í framhaldi fór Gísli ráðgjafi yfir frumdrög að skipulagslýsingu fyrir Suðrhálendið, sbr. fylgiskjal 3.

Gísli fór einnig yfir drög að verk- og kostnaðaráætlun fyrir verkefnið, sbr. fylgiskjöl 4 og 5 en áætlaður heildarkostnaður við verkefnið er 56 – 71 m.kr. án vsk og áætlaður verktími er um 4 ár.

Niðurstaða

Niðurstaða fundanna var að leggja fyrir sveitastjórnir minnisblað þetta þannig að hvert og eitt sveitarfélag geti tekið afstöðu til framhaldsins.

Gera má ráð fyrir að skipulagssjóður greiði helming þess kostnaðar sem að framan greinir. Ef til einföldunar er gert ráð fyrir að heildarkostnaðurinn á verktímanum sé um 60 m.kr. án vsk og að kostnaðurinn dreifist jafnt á sveitarfélögin 12 og að hann dreifist jafnt á verktímanum verði kostnaður hvers sveitarfélags að jafnaði um 625 þús. á ári. Athugið að hér er innri kostnaður sveitarfélaganna við s.s. fundarsetu, akstur og aðkoma sérfræðinga þeirra ekki meðtalinn.

Í ljósi niðurstöðu fundanna leggur starfshópurinn og verkefnisstjórn til að farið verði í að vinna svæðisskipulag fyrir Suðrhálendið. Verkefnisstjórn leggur jafnframt til að hvert sveitarfélag skipi til samræmis við skipulagslög tvo aðalmenn og tvo til vara í starfshóp sem vinnur að gerð svæðisskipulagsins.

Einnig er lagt til að sveitarfélögin heimili SASS að ganga til samninga við EFLU á grunni framagreindra gagna.

Verkefnisstjórn getur gefið frekari upplýsingar um verkefnið eftir því sem þörf krefur.

f.h. starfshópsins og verkefnisstjórnar,

Eva Björk Harðardóttur formaður SASS – Sími: 841 7944

Helga Kjartansson varaformaður SASS – Sími: 898 1552

Bjarni Guðmundsson, framkvæmdastjóri SASS – Sími: 897 9791